Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

| | |
|---|---|
| Númer skjals: | FMS-EBL-029 |
| Skjalalykill: | 02.01 Fjárhagsáætlun |
| Útgáfa: | 1 |
| Útgáfudags.: | 13.07.2018 |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2021 / 2022 |
| Ábyrgðarmaður: | Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs |

# FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

**Tilgangur jafnréttisskimunar:**
Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 24.5.2023 |
| **Svið:** | Umhverfis- og skipulagssvið |
| **Unnið af:** | Íbúaráði Grafarholts- og Úlfarsárdals |
| **Verkefni/tillaga:** | Úrbætur á gatnamótum Lambhagavegar/Mímisbrunns |
| **Þjónustuþáttur:** | Samgöngur |
| **Stofnun/kostn.st.:** | |
| **Fjárhæð:** | Óljóst |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

**Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?**

Aukning slysa hefur mælst á gatnamótum þessum sem eru í raun aðalleiðin inn í hverfið. Með síauknum umferðarþunga þarf að bregðast við til að tyrggja öryggi gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda, hvort sem um yrði að ræða hringtorg, eða aðrar ráðstafanir.

**Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.**

Umbætur í umferðaröryggismálum auka tækifæri borgaranna til að ferðast óhult um í samfélaginu, sem líta má svo á að ýti undir jöfnuð og þátttöku.

**Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.**

Allir íbúar svæðisins óháð ferðamátum.

**Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.**

Það er óljóst.

**Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]**

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.